

áfrýjanda 983 kr. 22 au. með 5% ársvöxtum frá 31. des. 1914 til greiðsludags, og ber honum þá einnig að greiða áfrýjanda 80 kr. í málskostnað fyrir undirrétti og yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 4. júní 1917.

26/1917.

Réttvísinn

gegn

Hallbirni Þorvaldssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 21. nóv. f. á., var hinn ákærði Hallbjörn bóndi Þorvaldsson á Gröf í Breiðuvík dæmdur fyrir falsvitni samkvæmt 147. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 til að sæta fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga, og til að greiða allan sakarkostnaðinn, en dómi þessum hefir verið skotið til yfirréttar eftir kröfu hins ákærða.

Síðasta dag marzmanaðar 1915 brann timburíbúðarhús á Arnarstapa í Breiðuvíkurbreppi, eign Sigfúsar nokkurs Sveinbjarnarsonar, og var lögreglu-réttarrannsókn haldin um brunann. Við téða rannsókn komu fram bréf frá nefndum Sigfúsi til ákærða dags. í Reykjavík 23. febr. 1912 og þess efnis, að

Sigfús biður ákærða að koma suður tafarlaust til fundar við sig; sé það mikið hagnaðarspursmál fyrir ákærða, og leggur Sigfús ríkt á við hann að leggjast eigi ferðina undir höfuð, og segist ábyrgjast kostnaðarlausu ferð og mikinn ávinning í þökkabót. Samkvæmt þessari orðsendingu fór ákærði til Reykjavíkur á útmánuðunum 1912, hitti Sigfús þar, og segir ákærði að erindi hans við sig hafi verið, að fá sig til að standa fyrir sölu á vörum, er Sigfús þá ætlaði að senda vestur á Stapa, og hafi eigi annað þá farið á milli þeirra. Síðar í prófunum útlistar ákærði erindi Sigfúsar við sig nánar þannig, að það hafi verið að mynda félagsskap um verzlun í hinu nýkeypta húsi Sigfúsar á Stapa, hafi félagarnir átt að vera þeir þrír, Sigfús, Björn Gíslason og ákærði; Sigfús hafi átt að leggja til húsið, Björn vörurnar, en ákærði vinnu sína sem hafandi á hendi forstöðu verzlunarinnar með útsölu á vörunum. — Við réttarhald í húsbrunamálinu 13. apríl 1915 gefur Kjartan oddviti Þorkelsson þá skýrslu, og staðfestir hana með eiði, að ákærði hafi komið til sín að Hellusandi vorið 1913, og verið hjá sér nætursakir; hafi hann þá skýrt sér frá því, að konu sinni áneyrandi, að hann hafi veturinn 1912 í febrúar eða snemma í marz farið suður til Reykjavíkur eftir skriflegri beiðni Sigfúsar Sveinbjarnarsonar og hafi erindið þá verið það, að Björn nokkur Gíslason ætlaði að hlutast til um að vörur yrðu snemma vors 1912 sendar vestur að Arnarstapa í hið nýkeypta hús Sigfúsar Sveinbjarnarsonar, og bað Sigfús ákærða að taka að sér útsölu á vörunum; ætlaði Sigfús þá að hækka váttrygginguna á húsinu

og jafnframt hafa vörurnar vátrygðar; skyldi svo ákærði taka að sér að sjá um, að Arnarstapahúsið með vörunum brynni, áður en eigandinn, Sigfús, kæmi vestur um vorið 1912, en ákærði hafi þá með öllu afsagt að hafa nokkur afskipti af þessu. — Við réttarhald í sama máli 23. febrúar 1916 hefir kona Kjartans Þorkelssonar, Sigríður Kristjánsdóttir, gefið þá skýrslu um áminsta komu ákærða að Hellissandi, og síðan staðfest skýrsluna með eiði, að ákærði hafi gist hjá þeim hjónum á Hellissandi vorið 1913; hafi Kjartan, maður hennar, og ákærði sofð saman í svefnherbergi hjónanna en hún í öðru rúmi; heyrði hún þá á tal þeirra, eftir að þeir voru háttaðir, og heyrði ákærða segja Kjartani frá því, að Sigfús Sveinbjarnarson hefði skrifað honum (ákærða) bréf og beðið hann að finna sig suður til Reykjavíkur; hafi ákærði þá sagt það skýrum orðum, að erindið hafi verið það, að Sigfús hafi viljað fá sig til að kveikja í húsi hans á Arnarstapa, en ákærði sagðist eindregið hafa neitað að gera það. Sigríður kveðst hafa heyrt samtalið glögt, og það hafi orðið sér sakir atvika sérstaklega minnisstætt.

Þá hefir Magnús hreppstjóri Blöndal í Stykkishólmi gefið þá skýrslu fyrir lögreglurétti 4. marz 1916, og síðan staðfest hana með eiði, að um miðjan ágúst 1913 hafi hann verið á ferð í Breiðuvík og þá gist hjá ákærða í Gröf; hafi ákærði fylgt honum fyrst að Stóra-Kambi og síðan ofan að Húsanesi, og voru þeir þá tveir einir; barst þá talið að fyrnefndu bréfi Sigfúsar, og sagði ákærði þá Magnúsi frá innihaldi þess, sem sé að Sigfús hefði beðið ákærða að koma

sem fyrst suður á sinn fund; sagðist ákærði þá hafa brugðið við og farið suður í marz 1912, að því er Magnús minnir; ákærði sagði ennfremur, að erindi Sigfúsar við sig hefði verið það, að Björn nokkur Gíslason hefði átt að útvega vörur, sem verzla ætti með vestur á Arnarstapa í hinu nýkeypta húsi Sigfúsar, að ákærði ætti að taka að sér að vera útsölu- maður á vörunum, að húsið og vörunar ættu að vera í góðri váttryggingu, og svo ætti ákærði að taka að sér að sjá um, að húsið og vörunar brynnu. En jafnframt tók ákærði það fram við Magnús, að hann hefði þvertekið fyrir að gjöra þetta verk. Magnús hefir skýrt svo frá, að ákærði hefði sagt sér þetta með ákveðnum og skýrum orðum án þess að viðhafa dylgjur eða rósamál; hann hafi tekið það fram berum orðum, að erindi Sigfúsar við sig suður í Reykjavík hafi verið að fá sig til að kveikja í Arnarstapa- húsinu. Þá hefir Magnús skýrt frá því, og staðfest það með eiði, að ákærði hafi kringum 20. maí 1914 verið staddur í Stykkishólmi á skrifstofu Magnúsar, og barst þá tal þeirra aftur lauslega að sama efni og þá í samræmi við fyrra samtali þeirra.

Ákærði hefir stöðugt haldið því fram, að erindi Sigfúsar Sveinbjarnarsonar við hann í Reykjavíkurfærðinni í febr.—marz 1912 hafi verið það eitt, sem að framan er tilgreint eftir honum, og hann neitar því, að það hafi borist í tal milli þeirra að húsið á Arnarstapa brynni. Þá neitar hann því eindregið að hann hafi sagt nokkuð í þessa átt eða um íkveikju í greindu húsi við hjónin á Hellissandi vorið 1913 og að því er snertir samtalið við Magnús Blöndal á

leiðinni frá Stóra-Kambi að Húsanesi, þykist ákærði ekki muna neitt eftir því, að þá hafi orðið tilrætt um Reykjavíkurferð hans veturinn 1912 eða um viðskifti hans við Sigfús. Ákærði er því í máli þessu sakaður um falsvitni fyrir rétti.

Því hefir verið mótmælt af hálfu ákærða, að vitnisburður Kjartans Þorkelssonar verði metinn ábyggilegur í máli þessu, með því Kjartan beri fjandskaparhug gegn ákærða, en fyrir þessu er ekki nægileg sönnun sýnd í málinu, og verður að meta vitnisburðinn fullgildan.

Með svörnum vitnisburðum Kjartans Þorkelssonar og Sigríðar Kristjánsdóttur er það sannað, að ákærði hafi sagt Kjartani, að Sigfús Sveinbjarnarson hafi viljað fá hann til að kveikja í Arnarstapahúsinu og að þetta hafi einmitt búið undir Reykjavíkurferð ákærða. Og þessi skýrsla hjónanna Kjartans og Sigríðar styrkist enn fremur við eiðfastan vitnisburð Magnúsar Blöndals. Þar sem nú ákærði bar það fram fyrir réttinum, er þingað var um brunamálið, og hélt fast við þann framburð, að hann hefði alls eigi haft ofanefnd ummæli eða önnur sama efnis við Kjartan, verður að telja þennan framburð hans falsvitni fyrir rétti. Þegar það er athugað, að ákærði virðist hafa munað fullglögt ýms smáatvik, er lúta að samfundum hans og hjónanna á Hellissandi og samferð hans og Magnúsar Blöndals, að framburður hans yfirleitt ekki bar vott um minnissljóleika, og að hins vegar hafa verið fengnir vitnisburðir kunnugra manna um það, að hann sé sæmilega minnisgóður, eða eins og fólk er flest, verður eigi tekin til greina sú málsvörn,

að minnisleysi hafi valdið hinum ranga framburði hans, og eigi verður heldur ætlað að um sé að kenna athugaleysi eða gáleysi ákærða, því að rannsóknar-dómarinn rannsakaði málið ítarlega og með mikilli nákvæmni, lét ákærða hafa nægan umhugsunartíma hvað eftir annað, og langt hlé varð á rannsókninni áður en henni var lokið. Það þykir þannig nægilega sannað að ákærði hafi viljandi og að ásettu ráði borið falsvitni fyrir rétti í rannsóknarmálinu út af bruna húsins á Arnarstapa, og með því móti orðið brotlegur gegn 147. gr. hegningarlagna. Ákærði er kominn langt yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður verið refsað fyrir neinn glæp; refsing sú, er hann hefir tilunnið, þykir hæfilega ákveðin samkvæmt hinni tilvitnuðu hegningarlaga grein 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð; málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins samþykkist og verður jafnframt að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málsflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, er ákveðst 20 kr. fyrir hvorn þeirra. Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Hallbjörn Þorvaldsson skal sæta 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð; svo greiði hann og allan löglegan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í héraði til yfirdómsmálaflutnings-

manns Þorsteins Þorsteinssonar 15 kr., og málsfærslulaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálaflutningsmannanna Odds Gíslasonar og Eggerts Claessen, 20 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 4. júní 1917.

Nr. 9/1917. Einar Þorgilsson og Bergur Jónsson
 gegn
 bæjarstjóra Magnúsi Jónssyni
 f. h. bæjarstjórnar
 Hafnarfjarðarkaupstaðar.

D ó m u r:

Niðurrjöfnunarnefndin í Hafnarfjarðarkaupstað lagði aukaútsvar fyrir árið 1916 á kutter »Surprise« í Hafnarfirði, að upphæð 175 kr., og skyldi útsvarið greiddast fyrir 1. júlí nefnt ár. Fiskiskipið »Surprise« var sameign áfrýjendanna, þannig að Einar Þorgilsson átti $\frac{3}{4}$ hluta þess, en Bergur Jónsson $\frac{1}{4}$ hluta. Þegar þeir eigi greiddu útsvarið krafðist bæjargjaldkeri þess 23. nóv. f. á. að það væri innheimt hjá gjaldendum. Krafa þessi var tekin fyrir af fógetarétti Hafnarfjarðarkaupstaðar 2. febrúar þ. á. Mætti þar Einar Þorgilsson fyrir báða skipaeigendurna, mót-